

17. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 6. nóvember kl 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Halla Kari Hjaltsted formaður tækninefndar kvenna, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum og Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum.

Friðbjörn Möller gjaldkeri og Guðjón Guðmundsson, formaður tækninefndar karla boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 17.01.

Dagskrá

1. Reglur um félagaskipti

Á undaförum árum hafa komið inn erindi til stjórnar um undanþágu frá félagaskiptareglum FSÍ. Stjórn FSÍ hefur hafnað þeim og vísað til þess að það sama þurfi að gilda um alla félagsmenn FSÍ og að reglur þessar hafi orðið til í samvinnu allra aðildarféлага FSÍ. Reglunum er ætlað að tryggja aðildarfélög fyrir tjóni sem þau geta orðið fyrir, fjárhagslegu og faglegu. Ljóst er að mörgum þykja félagaskiptareglur FSÍ strangar og þær taki ekki tillit til ungs aldurs iðkenda, búsetu og annað sem getur leitt til málefnaþgra ástæða fyrir undanþágu frá meginreglu félagaskiptareglu FSÍ.

Málið rætt

Stjórn FSÍ telur eðlilegt að félagaskiptareglur séu endurskoðaðar og mat lagt á hvort eðlilegt sé að breyta þeim í samræmi við þær ábendingar sem fram hafa komið til stjórnar. Stjórn FSÍ óskar eftir því við laganefndar FSÍ að hún taki félagaskiptareglur FSÍ til umfjöllunar og skoði hvort tilefni sé til að breyta þeim og þá með hvaða hætti. Telji nefndin ástæðu til að breyta reglunum er óskað eftir breytingatillögum til umfjöllunar í stjórn

2. Starfslýsing sviðsstjóra landsliðsmála

Á 12. fundi 16. ágúst var samþykkt að vinna að starfslýsingu sviðsstjóra landsliðsmála FSÍ. Stjórn FSÍ mótaði skipurit og drög að starfslýsingu sem kynnt var á formannafundi FSÍ þann 22. september. Á 16 fundi stjórnar FSÍ dagsett 16. október voru drög að starfslýsingu sviðsstjóra landsliðsmála lögð fram til kynningar. Stjórn fimleikasambandsins óskaði eftir að tæknisnefndir fjalli um starfslýsinguna og skili álit sínu til framkvæmdastjóra ekki seinna en 1. nóvember 2012.

Tækninefnd í hóp fimleikum sendi inn umsögn 31. október

Tækninefnd kvenna sendi inn umsögn 1. nóvember

Tækninefnd karla sendi inn umsögn 5. nóvember

Málið rætt

Að teknu tilliti til umsagna tækninefnda er drög að starfslýsingu sviðsstjóra landsliðsmála samþykkt. Framkvæmdastjóra er falið að auglýsa starfið eftir þeirri starfslýsingu sem fyrir liggur. Stefnt er að því að ráða starfsmann sem fyrst.

3. Alþjóðlegt dómaramámskeið WAG á Íslandi í desember

Stjórn fimleikasambandsins var búið að samþykkja að sækja um að halda alþjóðlegt dómaramámskeið hér á landi, umsókn var send til FIG í því samhengi. Svar frá FIG barst 22. október um að búið væri að samþykkja að haldið verði alþjóðlegt dómaramámskeið kvenna dagana 26-30. desember.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins fagnar að fá alþjóðlegt dómaramámskeið hingað til lands og felur framkvæmdastjóra að sjá um framkvæmd námskeiðisins með tækninefnd kvenna.

4. Olympíuverkefni framundan, punktar frá kynningarfundum ÍSÍ

Framkvæmdastjóri ásamt varaformanni sóttu fund hjá ÍSÍ varðandi þau verkefni sem eru framundan hjá ÍSÍ er varðar Olympíuverkefni ÍSÍ, verkefni eru; Olympíuleikar í Rió 2016, Olympíuleikar ungmenna Nanjing 2014 16-28. ágúst 2014, Smáþjóðaleikar 2013 27. maí-1. júní 2013, Olympíuleikar æskunnar í Utrecht 2013 27. maí-1. júní 2013. Fram kom á fundinum að tilkynna þarf á ákveðnum tímapunkti, s.s. fyrir smáþjóðaleikana þá þarf að senda upplýsingar um fjölda keppenda fyrir 23. nóvember. Fram kom að á ákveðnum mótum eru mjög skýr aldursmörk hjá keppendum.

Málið rætt

Framkvæmdastjóra er falið að senda tækninefndum karla og kvenna upplýsingar um smáþjóðaleikana og óska eftir tilnefningum varðandi fjölda keppenda ásamt því að senda upplýsingar um önnur þau mót sem fram komu á fundinum. Skoða þarf vel þær dagsetningar sem settar hafa verið fram af ÍSÍ varðandi þessi verkefni sem og þau skilyrði sem sett eru varðandi þátttöku fimleikafólks, sérstaklega þarf að horfa til þeirra aldurstakmarkana sem sett eru á sumum mótana. Áframhaldandi vinna bíður sviðstjóra landsmála til frekari úrvinnslu.

5. Styrkur frá Ríkisstjórn Íslands

Vegna árangurs landsliða í hóp fimleikum þá ákvað ríkisstjórn Íslands að veita fimleikasambandi Íslands styrk, eins og kom fram í bréfi frá forsætisráðherra „ Í viðurkenningarskyni fyrir glæsilegan árangur kvenna- og stúlklandsliða Íslands á Evrópumótinu í hóp fimleikum þar sem bæði liðin unnu til gullverðlauna, hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að veita Fimleikasambandi Íslands styrk af ráðstöfunarfé sínu, til áframhaldandi uppbyggingarstarfs“.

Málið rætt

Fimleikasambandið fagnar þessu framlagi frá Ríkisstjórn Íslands og færir henni þökk fyrir.

Tilkynningar;

1. Skýrsla fararstjóra vegna NEM í áhaldafimleikum
2. Skýrsla fararstjóra vegna EM í hóp fimleikum
3. Skýrsla verkefnastjóra hóp fimleika
4. Bréf frá ÍSÍ vegna Málþings um konur og íþróttir
5. Kveðjur frá Forseta Íslands vegna Evrópumeistararitla í Hóp fimleikum
6. Kveðjur frá Forsætisráðherra og Menntamálaráðherra vegna Evrópumeistararitla í Hóp fimleikum.
7. Kveðjur frá sveitafélaginu Árborg vegna árangurs á Evrópumeistaramótinu

Að gefnu tilefni þá vill stjórn fimleikasambandsins færir Davíð Ingasyni, verkefnastjóra í áhaldafimleikum, og Sólveigu Jónsdóttur, verkefnastjóra í hópfimleikum, þakkir fyrir frábærlega unnin störf á þeim tíma sem verkefni þeirra stóðu yfir.

Fundi slitið kl.19:15.